Ásgrímur Ingólfsson
Hafnarbraut 47a
780 Höfn
Kt: 100966-3369

**Tilvísun:** Júllatún 17
**Berist til:** Sveitarfélagið Hornafjörður
Umhverfis og skipulagsnefnd

Efni: **Umsókn um breytingu stærð byggingar á lóð við Júllatún 17**

Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja allt að 130m$^2$ íbúðarhús með bílskúr á lóð við Júllatún 17 á Höfn. Stærð lóðar er skv. deiliskipulagi 446m$^2$, sem gefur nýtingahlutfall 0,29 á lóðinni. Þegar frá er talinn bílskúr er íbúðarhús á lóð u.þ.b. 100m$^2$ brúttó það myndi gefa um 75-80m$^2$ nettóflatarmál íbúðar.

Möguleikar á nýtingu einbýlishúss af þessari stærð eru takmarkaðir sem og möguleikar á að nýta þau miklu gæði sem felast í legu lóðarinnar. Á þessum forsendum er lögð fram beiðni um breytingu á deiliskipulagi sem felur í sér stækkun byggingar á lóðinni úr 130m$^2$ í 150m$^2$. Nýtingarhlutfall á lóðinni yrði þá 0,33 í stað 0,29.

Til að nýta þessa viðbótarfermetra sem best innan lóðar er óskað eftir að samtímis verði byggingarreitur stækkaður þannig að svigrúm til hönnunar aukist og gæði lóðarinnar verði fullnýtt.

Á teikningum sem fylgja þessari beiðni er sýnt annars vegar :
A: mögulegt umfang byggingar innan núverandi byggingareits miðað við 130m$^2$ byggingu og hins vegar
B: mögulegt umfang 150m$^2$ byggingar með meðfylgjandi stækkun byggingarreits.

Þessi stækkun um 20m$^2$ brúttó mun ekki hafa teljandi áhrif á umhverfið en aftur á móti hafa mikil áhrif á notagildi byggingarinnar og möguleika í hönnun hennar.

Umsækjanda er ljóst að þetta mun hafa áhrif á aðrar lóðir innan sama deiliskipulags enda eru þær háðar sömu annmörkum.

Með fyrir fram þökkum

Ásgrímur Ingólfsson

Ásgrímur Ingólfsson







SKÝRINGAR:

Óskað er eftir stækkun á heimiluðu byggingarmagni á lóð, úr 130m2 í 150m2.
Einnig er óskað eftir stækkun á byggingarreit til að gefa rýmri möguleika á staðsetningu og hönnun byggingarinnar innan reitsins.

A - Efri teikning sýnir mögulega hönnun og legu byggingar innan núverandi deiliskipulags.
B - Neðri teikning sýnir mögulega hönnun og legu byggingar með breyttu deiliskipulagi.

Teikningunni fylgir skrifleg fyrirspurn frá verkkaupa.

ATH! ÖLL MÁL SKULU TEKIN Á STAÐNUM.

| Endurskoðun: | Dags: | Teikn: | Yfirf. |
|---|---|---|---|
| H: | | | |
| G: | | | |
| F: | | | |
| E: | | | |
| D: | | | |
| C: | | | |
| B: | | | |
| A: | | | |

# JÚLLATÚN 17
# Höfn í Hornafirði

STAÐGREINIR x.xxx.xxx
VERKKAUPI: Ingólfur Ásgrímsson
KENNITALA VERKKAUPA: xxxxxx-xxxx

EFNI: Fyrirspurn v. deiliskipulagsbreytingar

MÆLIKVARÐI: 1: 200
FRUMSTÆRÐ BLAÐS: A3
TEIKNAÐ: xx — VERKNR: 1711-17
YFIRFARIÐ: xx — TEIKN. NR:
DAGSETNING ÚTGÁFU: 29.11.2017 — ENDURSK.:


VA ARKITEKTAR
borgartúni 6
105 reykjavík
kt: 450400-3510
sími: 530 6990
fax: 530 6991
vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is


ÚTGEFANDI: Anna Sigríður Jóhannsdóttir KT: 280264-4749


Teikning þessi er gefin út af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundaréttar, VA Arkitektar ehf
Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.